

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Mánudaginn 9. janúar, 2006 - Fasteignablað



[Smelltu til að sjá stærri mynd]

Lætur sig dreyma um réttu eignina

Eftir Steinþór Guðbjartsson steinthor@mbl.is Þrátt fyrir mikið framboð á húsnæði hér á landi undanfarin misseri virðist eftirspurnin hafa verið meiri en framboðið lengst af. Stöðugt bætast við nýjar eignir en þær seljast gjarnan fljótt.

Eftir Steinþór Guðbjartsson steinthor@mbl.is

Þrátt fyrir mikið framboð á húsnæði hér á landi undanfarin misseri virðist eftirspurnin hafa verið meiri en framboðið lengst af. Stöðugt bætast við nýjar eignir en þær seljast gjarnan fljótt. Samt sem áður truflar staðan á markaðnum ekki alla og margir gefa sér góðan tíma til að leita að réttu eigninni. Einn þeirra er Kanadamaðurinn Kent Lárus Björnsson sem hefur búið undanfarin þrjú ár hjá vinafólki í Hörgatúni 23 í Garðabæ en vill eignast eigið húsnæði.

Búið víða

"Ég vil umfram allt búa á Íslandi því hér er gott að vera," segir Kent. "Hins vegar er ég ekki tilbúinn að greiða tugi milljóna fyrir húsnæði og skuldbinda mig þess vegna til næstu 40 ára. Ég vil vera laus við slíka lánabyrði og þá er úr vöndu að ráða."

Margir Íslendingar fluttu til Vesturheims á síðasta ársfjórðungi 19. aldar og í byrjun 20. aldar í þeim tilgangi að sjá sér og sínum farborða með sómasamlegum hætti. Forfeður Kents voru í þeim hópi og hann á ættir að rekja til Íslands í báðar ættir. Kent er sonur Richards, sem lést í fyrravor, og Valdine, sem nú býr í Gimli í Manitoba en áður bjuggu þau í Fraserwood, sem er skammt frá, og ráku þar smjörgerð.

Kent heillaðist snemma af uppruna sínum og hélt við fyrsta tækifæri til Íslands. Hann vann á þrjónastofu á Blönduósi veturinn 1979 til 1980 og í frystihúsi í Grindavík um vorið. Veturinn 1981 til 1982 vann hann í frystihúsi á Djúpavogi. Þess á milli og síðar bjó hann ýmist í Fraserwood eða Winnipeg og starfaði sem flutningabílstjóri um árabíl en var stöðugt með hugann við Ísland. Sumarið 2001 sótti hann um nokkur störf hér á landi, einkum kennslustörf, og var boðið starf tækjavarðar við Menntaskólann í Hamrahlíð. Hann tók því og þar hefur hann starfað síðan haustið 2001 og sinnir nú tækjumsjón og tölvuþjónustu auk þess að vera aðstoðarvefstjóri. Hann lauk námi í fararstjórn í fyrra og hefur verið leiðsögumaður í fríum, bæði hérlendis og í vesturheimi. Með öðrum orðum má segja að líf hans sé í takt við líf hins dæmigerða Íslendinga, sem býr sig undir að koma sér þaki yfir höfuðið.

Efitt að eignast húsnæði

"Á fyrra tímabili mínu á Íslandi kynntist ég vel dreifbýlinu og undanfarin ár hef ég verið að aðlagast höfuðborgarsvæðinu, leigði fyrst herbergi hér og þar í Reykjavík áður en ég flutti í Garðabæinn fyrir um þremur árum," segir Kent. "Ég hef alls staðar kunnað vel við mig, ég vil búa áfram á Íslandi og draumurinn er að eignast húsnæði hérna með tímanum. Ég er hrifnastur af 101

Reykjavík og helst vildi ég búa þar og reka lítið gistiheimili en það er fjarlægur draumur." Starfið í MH hentar Kent mjög vel, því hann veit með löngum fyrirvara hvenær hann á frí og getur því skipulagt tíma sinn vel. Hann ber samstarfsfólkinu vel söguna, segir starfsanda góðan í skólanum og er ánægður með starfið. "Einn helsti kosturinn er sá að ég get átt heima bæði á Íslandi og í Kanada. Þegar ég var flutningabílstjóri vestra var ég nánast aldrei heima en með því að vinna í MH get ég verið allt sumarið heima í Manitoba ef því er að skipta. Það er mjög gott að búa í Garðabæ en ég hef ekki enn áttað mig á verðlaginu á Íslandi og vöxtunum og skil ekki hvernig venjulegt launafólk fer að því að eignast eigið húsnæði. Ég átti mjög gott hús í Winnipeg, hús með fimm svefnherbergjum, sem ég seldi fyrir um þremur árum. Ég fékk um 80.000 kanadíska dollara fyrir húsið, um fjórar milljónir króna, en fyrir þá upphæð fæ ég ekki herbergi á höfuðborgarsvæðinu. Það kostar líka sitt að reka bíl á Íslandi, tryggingar dýrar og bensínverðið hátt."

Stefnir rétt út fyrir höfuðborgarsvæðið

Samt sem áður hefur Kent ekki sett verðlagið fyrir sig, þótt hann eigi öðru að venjast. "Ég vildi búa á Íslandi og gerði allt sem ég gat til þess að fá starf hér á landi í þeim tilgangi að láta drauminn rætast," segir hann. "Hins vegar getur verið erfitt að vera útlendingur hér á landi, jafnvel þótt ég heiti íslensku nafni og tali íslensku. Ég er ekki fullgildur þegn fyrr en ég er orðinn íslenskur ríkisborgari og fyrir utan það að ég hef ekki kosningarétt hef ég heldur ekki sama aðgang að fjármálastofnunum og aðrir. Ég er kanadískur ríkisborgari en get ekki fengið lán í Kanada vegna þess að ég bý á Íslandi og það tók mig fjögur ár að fá kreditkort hér á landi. Ég er því í svolítið undarlegri stöðu en þarf samt ekki að kvarta. Ég hef fengið mörg tækifæri til þess að ferðast um Ísland og hef kynnst landi og þjóð, segi stundum að ég þekki Ísland betur en margur Íslendingurinn sem hefur alið allan sinn aldur hér. Ég kynnist Garðbæingum stöðugt betur, ekki síst í gegnum stjórn málaáhrif. Það er svo sem ekki mikið um að vera í Garðabæ, fáir staðir til að sækja á kvöldin og um helgar, en verði nýr miðbær að veruleika má gera ráð fyrir betri tíð í þeim efnum. Sem fyrr segir vildi ég helst vera með eigin starfsemi í 101 Reykjavík en ég verð að vera raunsær og þá á ég ekki mikla möguleika á því að eignast eigið húsnæði nema utan höfuðborgarsvæðisins. Það hentar mér í sjálfu sér ekkert illa og ég þekki þá stöðu vel, bjó lengi í Fraserwood og á þar sumarhús. Þar sem ég hef fullan hug á því að halda áfram að vinna í MH um ókomin ár þarf ég að finna hentugt húsnæði í næsta nágrenni við Reykjavík. Mögulegt íbúðarsvæði mitt stækkar með hverju árinu, fyrst og fremst vegna bættra samgangna, og þótt mér líði mjög vel í Garðabæ er draumurinn að eignast rétta húsnæðið sem ég ræð við, úti á landi en skammt frá Reykjavík."